

11. nóvember 2011

*Yfirlýsing frá Framtakssjóði Íslands*

## Athugasemd vegna Markaðspunkta frá Arion banka

Í fjölmiðlum hefur verið vitnað í markaðspunkta frá greiningardeild Arion banka sem bankinn sendi frá sér um Framtakssjóð Íslands. Framtakssjóðurinn gerir alvarlegar athugasemdir við málf lutning greiningardeildarinnar og vill leiðrétta misskilning sem þar kemur fram.

Ýjað er að því að sjóðurinn gæti keypt flest öll fyrirtæki landsins, en staðreyndin er sú að nú þegar hefur sjóðurinn fjárfest fyrir sem nemur um 60% af sinni fjárfestingargetu sem er í heild um 54 milljarðar króna og mun ekki skuldsetja sig við hlutabréfakaup. Auk þess skilar sjóðurinn söluverði allra eigna strax til eigenda sinna og er það t.d. gert núna við sölu á 10% eignarhlut sjóðsins í Icelandair Group. Sjóðurinn safnar því ekki verðmætum og völdum, en gegnir mikilvægu hlutverki við endurreisn hlutabréfamarkaðarins og skilar lífeyrissjóðum og almenningi í landinu til baka ávöxtun eftir tap þeirra í kjölfar efnahagshrunsins.

Aðkoma Framtakssjóðsins að Icelandair Group um mitt síðasta ár var mjög mikilvæg þegar mikil óvissa var um fjárhagslega stöðu félagsins og ekki sjálfgefið að einstaka lífeyrissjóðir eða fjárfestar hefðu komið að því mikilvæga verkefni. Aðkoman að Icelandair Group, sem er eitt af lykilfyrirtækjum landsmanna, var því afar gott dæmi um mikilvægt hlutverk sjóðsins í þágu félagsins eftir erfiðleika fyrri ára. Sala á hluta bréfanna nú er einnig gott dæmi um það hvernig sjóðurinn selur sinn hlut í félögum þegar tækifæri gefst og þá í opnu sölufarli.

Greiningardeildin gefur það jafnframt í skyn að Framtakssjóðurinn sé ekki að sinna hinu mikilvæga hlutverki sínu, m.a. að endurreisa hlutabréfamarkaðinn. Þetta er alrangt. Sjóðurinn er mikilvægur þátttakandi í að koma félögum úr eigu bankanna, en eignarhald þeirra á stórum hluta íslensks atvinnulífs hefur verið gagnrýnt með réttu og lítið gerst í þeim málum eftir hrun bankakerfisins árið 2008. Flest þau félög sem sjóðurinn hefur fjárfest í svo sem Icelandic Group, Skýrr, Vodafone, N1 og Promens eiga góða möguleika á að fara á hlutabréfamarkað og áform eru um slíkt með nokkur þeirra. Önnur félög verða seld til áhugasamra kaupenda að hluta eða í heilu lagi. Verið er að selja hluta af Icelandic Group og samningaviðræður eru í gangi við kaupanda að Húsasmiðjunni. Það mun hvort tveggja skýrast í þessum mánuði.

Eitt meginhlutverk Framtakssjóðsins er að stuðla að eflingu hlutabréfamarkaðarins og það skýtur því skökku við að greiningardeild Arion banka dragi það í efa. Það þarf að leggja áherslu á að hlutabréfamarkaðurinn sé trúverðugur, þar ríki traust og vandað sé til verka í uppbyggingu hlutabréfamarkaðar að nýju. Ekki má endurtaka þann leik sem var í gangi í íslensku efnahagslífi

og bankastarfsemi á árunum 2003-2008. Opna þarf einnig möguleika á að erlendir aðilar fjárfesti í íslensku atvinnulífi og jafnvel skrái hlutabréf bæði erlendis og hér á landi eins og dæmi eru um.

Vissulega eru eignir Framtakssjóðsins vandmeðfarnar og stjórn sjóðsins gerir sér fulla grein fyrir sinni ábyrgð. Með því að benda á Framtakssjóðinn er greiningardeild Arion banka að draga athygli frá þeim völdum og ábyrgð sem Arion banki og eigendur hans hafa í okkar atvinnulífi. Það ætti frekar að vera sameiginlegt verkefni þessara aðila að vinna að efnhagslegri endurreisn hér á landi og sýna frumkvæði í því efni. Framtakssjóðurinn er tilbúinn að vinna með öllum að því mikilvæga verkefni og furðar sig á þeim ófaglegu skrifum sem greiningardeild Arion banka lætur frá sér fara.

f.h. Framtakssjóðs Íslands

*Þorkell Sigurlaugsson stjórnarformaður*